

Sent til Mbl.is: 13.4.2018
Birt í Mbl: 24.4.2018
Skúli Jóhannsson
Email: skuli@veldi.is
Website: www.veldi.is

ACER og þriðji orkumálapakki Evrópusambandsins

Umræða er nú hafin á hér á landi um væntanlega innleiðingu þriðja orkumálapakka Evrópusambandsins ESB í EES samninginn, en ýmsir aðilar hafa lýst andstöðu sinni. Alþingi hefur endanlegt ákvörðunarvald.

Þriðji orkumálapakkinn er jafnan kenndur við ACER („Agency for the Cooperation of Energy Regulators“).

Norðmenn hafa nú þegar tekið ákvörðun um að fella orkumálapakkann inn í EES samninginn, sem gildir milli EFTA ríkjanna Noregs, Íslands og Lichtenstein annars vegar og ESB hins vegar. Við atkvæðagreiðslu í norska Stórþinginu var það staðfest með töluverðum meirihluta.

Varla er hægt að gera ráð fyrir öðru en að Lichtenstein muni samþykkja ACER, enda býður lega landsins í miðri Evrópu upp á það. Töluvert flókin staða gæti komið upp ef Ísland hafnaði ACER eftir samþykkt Norðmanna. Ekki er raunhæft að gera ráð fyrir að hægt verði að samþykkja hluta samningsins, annaðhvort þarf að samþykkja allt eða hafna öllu. Allt eða ekkert.

Í nýliðinni umræðu í Noregi um ACER var nokkrum atriðum haldið fram af andstæðingum innleiðingar. Í eftirfarandi lista er þeim atriðum svarað og jafnframt snúið yfir á íslenska raforkukerfið:

1. ACER fjallar ekki um hvort eigi að leggja sæstreng frá Íslandi til Bretlands. Ákvörðun um það er alfarið á hendi íslenskra stofnana, sem til þess eru bærar.
2. ACER fjallar ekki um rekstur raforkusæstrengja milli landa þ.e. hvaða straumur er sendur hverju sinni og í hvaða átt. Það ákvarðast eingöngu af framboði og eftirspurn í einstökum aðildarríkjum, sem þau hafa full tök á sjálf.
3. ACER fjallar ekki um að hækka orkuverð til almennings á Íslandi, við ákveðum það sjálf. Við munum áfram sem hingað til taka þátt í þróun raforkumarkaða með ACER þar sem verðlagning á losun gróðuhúsalofttegunda skiptir mestu máli.
4. ACER fjallar ekki um framsal á forræði í eftirliti með raforkumálum á Íslandi til EBE, það verður áfram sem hingað til hjá Eftirlitsstofnun EFTA, sem nefnd er ESA („EFTA Surveillance Authority“).
5. ACER fjallar ekki um framsal á forræði yfir íslenskum virkjunum til EBE, hvorki hvað varðar byggingu nýrra virkjana né rekstur þeirra.
6. ACER fjallar ekki um aukið álag á vatnsaflsvirkjanir, sem gæti haft spillandi umhverfisáhrif t.d. með því að breyta vatnsstöðu í miðlunum tíðar og meira.

Varðandi lið 2 þá hefur því miður enn ekki tekist að koma á fót raforkumarkaði hér á landi þrátt fyrir heimildarákvæði í raforkulögum 2003, en Landsnet tilkynnti nú síðast fyrir nokkrum vikum að uppboðsmarkaði með raforku yrði komið á fyrir 2020. Uppboðsmarkaður tók til starfa í Noregi 1993 eða fyrir 25 árum. Noregur varð árið 2011 aðili að samrekstrarlíkani raforkukerfa („Market Coupling“) með öðrum Evrópuríkjum og er ekki annað að sjá en þeir hafi haft af því verulegan ávinning. Fyrir þann tíma þurfti að reka sérstakan uppboðsmarkað fyrir flutning um sæstrenginn NORNED milli

Noregs og Hollands. Sá markaður er nú aflagður.

Ég fer ekki dult með þá skoðun mína að við ættum að taka fullan þátt í samstarfi Evrópuþjóða í raforkumálum og samþykka þess vegna ACER. Hér á landi er hvorki geta né skilningur á því að halda uppi fullnægjandi gæðastjórnun í raforkukerfinu og samstarf við stærra og viðurkennt batterí eins og ACER væri bara af hinu góða. Við ráðum varla við að þróa allt frá botni og viðhalda í síbreytilegum heimi.

Það væri allt í lagi að fá til þess fróða menn að kanna ennþá einu sinni hvort aðild að ACER setji örugglega ekki það vonlausu skilyrði að okkur væri skylt að tengjast raforkukerfi Evrópu með sæstreng. Stefán Már Stefánsson lögfræðingur og prófessor kæmi til greina, en hann var einn þriggja framsögumanna um ACER á opnum fundi sjálfstæðismanna í Valhöll um daginn.

Ég geri nú orð Steins Steinars að mínum, en þau eru úr kvæðinu „Samræmt göngulag fornt, greinargerð með samnefndu frumvarpi“:

"Það er skylda hvers leiðandi manns á verði að vaka til verndar, ef þjóðlegt einkenni í háska er statt. Ef Alþingi lætur nú mál þetta til sín taka, má telja, að til gagns hafi það verið saman kvatt."